

Fundargerð stjórnar BÍS

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 32/2017
Fundarritari: Hermann Sigurðsson	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs Kristinn Ólafsson verðandi frkvstj.BÍS Liljar Már Þorbjörnsson fulltrúi alþjóðaráðs Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 Dags: 17. okt. 2017 Frá kl. 17:30 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Fylgiskjöl í möppu	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Kristinn Ólafsson, verðandi framkvæmdastjóri boðinn velkominn til starfa og er óskað velfarnaðar í starfi. Liljar Már er boðinn velkominn í fjarveru Jón Þórs í alþjóðaráði.		MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.	3.2	HS
	3	Umræða um skátastarf Stjórn fundaði án starfsmanna á hugarflæðisfundi og gekk vel. Punktur voru settir í hugmyndaskjal sem verður unnið áfram með.		MM
	4	Yfirlit stjórnarmanna Anna: Fjármálaráðsfundi frestað vegna þátttökuleysis. Haldinn var stjórnarfundur í Skátamótum ehf. þar sem Kristinn tók við sem framkvæmdastjóri. Farið var yfir uppgjör WSM. Í Úlfjótsvatnsráði urðu formannsskipti. Berglind: Er að undirbúa Ungmennaping í febrúar. Björk: Fjölmennt Gilwell var um síðustu helgi. Stefnt að Gilwell á Akureyri fljótlega.		Allir

	<p>Dagmar: Heimsótti Faxe í síðustu viku. 40 foreldrar á foreldrafundi. Gekk vel. Allir áhugasamir fyrir erlendum viðburðum, sérstaklega Jamboree.</p> <p>Harpa: Merkirammar fyrir drekka- fálka-dróttskáta eru komnir, verður fljótlega sent út.</p> <p>Drekaskátamót samþykkt með 3ja ára mótsstjórn. Mótinu verður e.t.v. seinkað um eina helgi vegna þess að skólar eru enn starfandi. Athuga með hvort það skarast við eða hefur áhrif á félagsútilegu hjá Hraunbúum.</p> <p>Skipulag á fálkaskátamóti er á lokametrinum, verður væntanlega á Laugum, þemað verður víkingamót. Þar vantar mótsstjórn. Dróttskátamót verður í Viðey, landmemar ásamt fleirum sjá um mótið sem verður stærra en áður. Mótið verður opið fyrir erlenda skáta ef þeir koma sem flokkur því þetta er flokkamót.</p> <p>Rekkaskátamót er í vinnslu, spurning um tímasetningu, skarast á við Roverway. Þarf að búa til sameiginlegt mótsmerki fyrir öll mótin 2018 sem verður þó með sérkenni fyrir hvert aldursbil.</p> <p>Jakob: Upplýsingaráð er að vinna áfram með samfélagsmiðla, tók þátt í ráðstefnu skátamiðstöðva á Úlflyjótuvatni ofl.</p> <p>Marta: Tók þátt í Forvarnardegnum að kynna skátana, fundur var með fulltrúum SSR vegna kaupa/leigu á Úlflyjótuvatni, Moot partý, friðarráðstefna fyrir ungt fólk í Höfða, ráðstefnu skátamiðstöðva á Úlflyjótuvatni, gekk frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra og dróttskátafundur í Grundarfirði. Mætti á Gilwell námskeið um helgina.</p> <p>Liljar, alþjóðaráði: Hafa verið skoða umsóknir vegna fararstjóra Jamboree, vera í sambandi við kynningarteymi, eru í samskiptum við Roverway vegna kynninga og sómuleiðis vegna Euro Mini Jam. Umsóknarfrestur til að vera sjálfboðaliði á vegum WAGGGS í að keyra dagskrá á Róverway rennur út 30. okt. Styrkur fékkst til að senda alls fjóra einstaklinga í það verkefni.</p> <p>Skátamiðstöðin: Jón Ingvar Bragason er hættur með fasta viðveru í Skátamiðstöðinni en klárar ákveðin verkefni fyrir janúarlök 2018. Hanna Guðmundsdóttir hættir sem</p>		
--	---	--	--

		<p>bókari k. Þriðjudag með fasta viðveru en klárar einnig ákveðin verkefni og lýkur störfum 15. nóvember nk. Stjórn þakkar þeim báðum fyrir vel unnin störf. Kristinn Ólafsson er tekinn „óformlega“ við sem framkvæmdastjóri, tekur formlega við 1. nóvember. Grænir skátar hafa flutt alla sína starfsemi í H123 úr Tindaseli. Stefnt er að því að betrubæta húsnæðið.</p>	
	5	<p>Fjármál Farið yfir bráðabirgðaniðurstöður fjármála Moot og mótið kemur út í hagnaði. Það er þakkað góðu skipulagi og aðhaldi og eftirfylgni í áætlanagerð. Uppgjör verður lagt fram í næsta mánuði.</p> <p>Stjórn samþykkir að greiða upp lán sem hvílir á Skátamiðstöðinni, sem var fjárfesting sem Bandalagið fór í vegna umsvifa í kringum WSM2017.</p>	AGS/HS
	6	<p>Meginmál 1 Erlendir viðburðir s.s. Roverway 2018, Eurominijam, Jamboree 2019. Skoða þarf ferlið með upplýsingaflæðið og ákvarðanatöku á ráðningu fararstjóra i ferðir á vegum BÍS. SÁ er falið að ferla þetta upp. Alþjóðaráð metur umsóknir og kemur með tillögu til stjórnar um tvo aðila til umsagnar. Efla þarf samskiptin á milli alþjóðaráðs, starfsmanna og stjórnar. Vinna þarf skipunarbréf og senda skipuðum fararstjóra eins fljótt og auðið er og er starfsmönnum Skátamiðstöðvarinnar og fulltrúa frá alþjóðaráði falið að hitta fararstjóra og fara yfir bréfið. Klára þarf fjárhagsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra BÍS. Ef fararstjóri hættir þá tekur stjórn BÍS boltann. Alþjóðaráði er falið að mæla með tveimur umsækjendum og stjórn ákveður hver verður ráðinn í verkið.</p> <p>Umræður voru um verð á Jamboree. Stjórn var sammála um að hátt þjónustustig, góð gæði og áhersla á öryggismál vegur meira en lægra verð.</p> <p>Fjárhagsáætlun þarf að vera með hvatakerfi og stefnt að því að fararstjórn þurfi ekki að</p>	

		greiða þátttökugjald og sveitarfóringjar fái afslátt. Þarf að liggja fyrir í upphafi.	
	7	<p>Meginmál 2 Úlfjótsvatn. Formannsskipti voru á síðasta fundi Úlfjótsvatnsráðs. Grímur Valdimarsson lét af störfum og Guðfinnur Þór Pálsson tók við. Grími er þakkað fyrir vel unnin störf og Guðfinni óskað velfarnaðar í starfi. Stjórn BÍŚ þarf að skipa fulltrúa í stað Guðfinns. Stjórn skipar Kristín Ólafsson í stjórn ÚV í stað Guðfinns.</p> <p>Fulltrúar viðræðuteymis BÍŚ við SSR um kaup/leigu á Úlfjótsvatni hafa lagt fram tillögu. Samþykkt að leggja fram kauptilboð í Úlfjótsvatn. MM/AGS/BN er falið að leggja fram tilboðið.</p> <p>Stefnumótun Úlfjótsvatns. HS sendi stjórn skjal frá Guðmundi Finnbogasyni um aðdraganda stefnumótunar, markmið í rekstri frá 2012 og deili- og aðalskipulag á svæðinu ásamt samstarfi við Skógræktarfélag Íslands til að setja vinnu undanfarin ár í samhengi.</p>	MM
30	8	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> Samstarf við skátagildin, fulltrúar BÍŚ. MM fór yfir yfirlýsingu og erindi frá aðalfundi skátagildanna um að efla samstarf þar á milli. Stjórn skipar BLB/MM/DÝÓ í viðræðuhóp við skátagildin. Starfsáætlun ráða og nefnda, staðan. Nýr skilafrestur á starfsáætlunum fyrir næsta ár er 7. nóvember nk. Hönnun landsmótsmerkis. Samþykkt að leita til Ingu Auðbjargar Straumland um hönnun á merki/merkjum fyrir landsmót/aldursbilamót 2018. Hugmyndir nýs framkvæmdastjóra. Stjórn felur KÓ að koma með sína sýn á rekstur BÍŚ á næsta fundi. MM mun hitta KÓ og fara yfir stefnumótun stjórnar. <p>Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:00.</p>	

Úr viðburðadagatali BÍS:

19. okt.	Verndum þau námskeið
20.-22.	JOTA-JOTI
28.-3	<i>The Academy</i>
2. nóv	Afmæli skátastarfs 2. nóvember
2. nóv	Strókur afmæli
4	Gilwell 2. skref
4	Fálkaskátadagur
13	Endurfundir
5. des	Dagur sjálfboðaliðans (Skátahöfðingi sendir kveðju)
11	Jólaendurfundir skáta
21	Kakókvöld
27. - 29.	Á norðurslóð

Skátaping

Ár	Bæjarfélag	Skátafélag	
2018			6.-7. apríl
2017	Akureyri	Klakkur	
2017	Kjalarnes	Aukaskátaping, Skátamiðstöðin	
2016	Mosfellsbær	Mosverjar	
2015	Selfoss	Fossbúar	
2014	Kópavogur	Kópar	
2013	Hafnarfjörður	Hraunbúar	
2012	Reykjavík	SSR, Orkuveituhúsið	
2011	Keflavík	Heiðabúar	
2010	Garðabær	Vífill	
2009	Reykjavík	Skátamiðstöðin	
2008	Akureyri	Klakkur	
2007	Reykjavík	Skátamiðstöðin	

Möguleikar í Rvík: 6.-7. apríl 2018

Framhaldsskólar	1 stór salur m/öllum græjum
Laugardalshöll	mötuneyti/bera fram mat
Stýrimannaskólinn	4 svæði fyrir umræðuhópa
Rúgbrauðsgerðin	skrifstofuaðstöðu
HÍ	
HR	miður föstudagur-laugardagskvöld
MH (Landnemar?)	160 manns
KÍ (Proppé tengiliður?)	

Akranes?
Hveragerði?

Verkmenntaskólinn Akranesi